

Nd.

76. Frumvarp til laga

[72. mál]

um byggingarsjóð kauptúna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður kauptúna. Félagsmálaráðuneytið annast bókhald sjóðsins og fjárreiður samkvæmt fyrirætlum sjóðsstjórnar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að byggja íbúðarhús í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, og að taka fé að láni til starfsemi sinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, og tveir menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Ríkissjóður lánar Byggingarsjóði kauptúna við stofnun hans fimm milljónir króna til 20 ára, með 5% ársvöxtum, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán til þess fyrir hönd ríkissjóðs.

5. gr.

Sjóðurinn veitir, eftir því sem honum endist fé til, efnalitlum mönnum og þá einkum fjölskyldumönnum í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, lán til að koma upp íbúðum til eigin nota. Lánsupphæð til íbúðar má nema allt að kaupverði efnis, sem til byggingarinnar þarf.

6. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt til 20 ára og endurgreiðast með jöfnum ársgreiðslum. Sjóðsstjórnin getur þó ákveðið að veita lán til skemmri tíma. Ársvextir af lánunum eru 5½%.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu tryggð með 1. eða 2. veðrétti í íbúðum þeim, sem þau eru veitt til. Sé hús úr sjóðnum tryggt með 2. veðrétti, má 1. veðréttar lán eigi nema hærri upphæð en sem því nemur, að samanlögð 1. og 2. veðréttar lán fari ekki fram úr ⅔ af kostnaðarverði íbúðarinnar, eins og það er að dómi sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs skilvísu greiðslu lána þeirra, er sjóðurinn kann að taka til starfsemi sinnar, enda séu þau eigi tekin til skemmri tíma en 20 ára og með vöxtum, er ráðuneytið samþykkir.

9. gr.

Ef ⅔ hlutar sveitarstjórna í þeim hreppum, sem kauptún er í, samþykkja, getur félagsmálaráðherra ákveðið til fimm ára í senn, að hver þeirra hreppa skuli greiða í sjóðinn árlega allt að 5% álagðra útsvara í kauptúninu, og greiðir ríkissjóður þá jafnmikið á móti. Framlag þetta er óendurkræft og vaxtalaust. Hreppum, sem þess óska, skal þá jafnframt endurgreitt það fé, sem þeir hafa greitt byggingarsjóði verkamanna, enda hafi ekki verið veitt lán í hreppinn úr þeim sjóði.

10. gr.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst fimm fjölskyldur, sem ekki hafa svo mikið land til afnota, að talizt geti lögbýli.

11. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins setur félagsmálaráðherra með reglugerð. Skulu þar m. a. settar reglur til tryggingar því, að stærð íbúða, sem lán eru veitt til, fari ekki yfir tiltekið hámark.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er, að tilraun verði gerð til að bæta nokkuð úr húsnæðisþörf almennings í kaптúnunum (eða þorpum), en íbúar þeirra kaптúna, sem frv. þetta tekur til, munu nú vera 17—18 þús. Starfsemi byggingarsjóðs verkamanna hefur hingað til komið kaптúnunum að litlu gagni, og hætt við, að svo verði fyrst um sinn. Sama er að segja um lánadeild smáíbúða, sem stofnuð var með lögum á síðasta þingi, svo og fé það, er veitt hefur verið bæjar- og sveitarfélögum til íbúðabygginga. Fé þetta hefur að mestu lent í kaupstöðunum, þar sem fjölmennið er mest. Það er og kunnugt, að af veðdeild Landsbankans hafa fámenn kaптún litils góðs notið, enda hefur hún lengi verið févana. Hér verður því að grípa til nýrra ráða, ef hlutur þorpanna á ekki að vera með öllu fyrir borð borinn. Virðist þá ekki annað ráð vænna en að setja á fót sérstaka byggingarlánastofnun fyrir þorpin og freista þess að efla hana til sjálfstæðrar starfsemi, eftir því sem föng eru á.

Hlunnindum, sem kaптúnin kynnu að geta orðið aðnjótandi samkvæmt núgildandi lögum, er ekki afsalað, þótt frv. verði að lögum, en þau hlunnindi hafa, eins og áður er sagt, ekki reynzt mikils virði fyrir kaптúnin fram að þessu.

Ýmis rök eru til þess, að þjóðfélagið ætti að gefa hinum fámennu kaптúnunum og þorpum meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Flest þeirra eru í öndverðu mestmegnis byggð upp af vanefnum, af fátækum fjölskyldumönnum. Fólk, sem af einhverjum ástæðum hverfur úr sveitunum, leggur oft leið sína til þorpanna í fyrsta áfanga, en margt af því hverfur þaðan aftur eftir stutta dvöl til hinna stóru kaupstaða, m. a. vegna þess, að viðunandi íbúðarhúsnæði skortir í þorpnum. En þar með hefur það að fullu yfirgefið hérað sitt og æskustöðvar og á þá yfirleitt ekki afturkvæmt þangað. Í sjávarþorpum eru þó víða mjög sæmileg afkomuskilyrði til sjós og lands og ekki óhugsandi, að þau skilyrði fari heldur batnandi, ef sá árangur verður af stækkun landhelginnar, sem margir hafa gert sér vonir um.

Ekki þykir ástæða til að setja mjög nákvæm ákvæði um starfsemi sjóðsins að svo stöddu. Þykir rétt, að ráðherra og stjórn sjóðsins hafi frjálssar hendur til að ákveða nánar en hér er gert skilyrði fyrir lánum, hámarksupphæðir lána o. fl., eftir því sem hagkvæmt kann að reynast. Gert er ráð fyrir, að lánskjör verði svipuð og í lánadeild smáíbúða, sem stofnuð var samkv. lögum frá síðasta þingi.

Frv. þetta tekur ekki til kaптúna, sem hafa fleiri en 1000 íbúa, enda má gera ráð fyrir, að aðrar lánsstofnanir veiti að jafnaði eitthvað af lánum til íbúða á þeim stöðum.

Fylgiskjal.

Mannfjöldi í árslok 1950 í 51 kaптúni, sem frv. þetta tekur til (samkv. skýrslum hagstofunnar):

Kaптún og þorp	Íbúafjöldi
Grindavík	492
Sandgerði	441
Borgarnes	740
Hellissandur	329
Ólafsvík	481

Kauptún og þorp	Íbúafjöldi
Grafarnes í Grundarfirði	229
Stykkishólmur	816
Búðardalur	87
Flatey á Breiðafirði	147
Patreksfjörður	858
Bíldudalur	397
Þingeyri	315
Flateyri	427
Suðureyri	349
Bolungavík	704
Hnifsdalur	300
Súðavík	238
Djúpavík	53
Drangsnæs	216
Hólmanvík	419
Hvammstangi	308
Blönduós	460
Höfðakaupstaður	570
Hofsós	255
Dalvík	639
Hrísey	327
Hjalteyri	140
Glerárþorp	527
Svalbarðseyri	56
Grenivík	113
Flatey á Skjálfanda	96
Kópasker	65
Raufarhöfn	362
Þórshöfn	381
Höfn í Bakkaf.	65
Vopnafjörður	309
Bakkagerði í Borgarfirði	150
Egilsstaðir	99
Eskifjörður	673
Búðareyri í Reyðarf.	401
Búðir í Fáskrúðsfirði	587
Kirkjubólsporp í Stöðvarf.	151
Breiðdalsvík	70
Djúpivogur	284
Höfn í Hornafirði	434
Vík í Mýrdal	278
Hvolsvöllur	91
Hella	110
Stokkseyri	427
Eyrarbakki	513
Hveragerði	514